

109/00 - M.s. Villach er ekki á íslenskri skipaskrá

M.s. Villach strandar austur af Grundartangabryggju í Hvalfirði

M.s. Villach er ekki á íslenskri skipaskrá

Skipaskr.nr.:

Smíðaður: úr stáli

Stærð: brl; 4.769,00 bt

Lengd: 115,86 m **Breidd:** 17,00 m **Dýpt:** 9,00 m

Vél: kW **Árgerð:**

Annað:

Földi skipverja: 12

Atvikalýsing

Hinn 25. nóvember 2000 var m.s. Villach á siglingu til Grundartangahafnar. Veður: austlæg átt 4 vindstig.

Var skipinu siglt inn Hvalfjörð og ætlaði skipstjóri að fara vel inn fyrir bryggjuna á Grundartanga áður en hann sneri skipinu að henni. Var skipinu siglt á 2,5 sml. hraða og snúið til norðurs og átti síðan að snúa til vesturs að bryggjunni en í því strandaði skipið. Var hálfallíð út þegar skipið strandaði og sat það fast. Skipið var fulllestað.

Skipverjar mældu sjávardýpi umhverfis skipið og var þá ljóst að það stóð í framendann. Var dælt sjó í aftari kjölfestugeyma og skutþró til að breyta stafnhallanum áður en reynt var að draga það á flot.

Skipið náðist á flot á næsta flóði með aðstoð tveggja dráttarbáta. Talsverðar skemmdir urðu á botni skipsins

Við rannsókn kom fram

- að skipstjóri sagði að ástæða strandsins hafi verið að hann sneri skipinu of seint til vesturs (til bakborða);
- að um borð í skipinu var til nýlegt hafnarkort af höfninni á Grundartanga;
- að skipstjóri sagði að hann hefði komið yfir tuttugu sinnum til Grundartanga en í síðustu ferð skipsins hefði hann lent of nálægt bryggjunni og lent á horni hennar með síðu skipsins. Hann hefði ætlað að koma í veg fyrir það með því að fara aðeins inn fyrir bryggjuna áður en hann sneri skipinu að henni;
- að ratsjá og dýptarmælir voru í gangi en ekki fylgst reglulega með þeim;
- að skipstjóri sagðist ekki kvarta undan höfninni á Grundartanga en mikil ljósadýrð gæti villt um fyrir mönnum. Taldi hann að það gæti orðið til bóta ef sett væru rauð eða græn leiðarljós á bryggjuna er leiddu aðeins fyrir austan hana svo að skip lendi ekki á bryggjuhorninu

Nefndarálit

Nefndin telur að ónákvæmni í stjórnun skipsins hafi orsakað strandið.

Tillögur í öryggisátt

Nefndin telur að ástæða sé til að taka alvarlega ábendingu skipstjóra um leiðarljós er leiddu upp með norðausturkanti bryggjunnar. Er þetta sérstaklega þýðingarmikið þegar sterkir austlægir vindar blása í Hvalfirði.

